

Samfélagsfræði	7. bekkur
Kennarar: Sóley Birgisdóttir og Una Björk Kristófersdóttir Tímafjöldi: 4 stundir á viku	
Menntagildi námsgreinar: Undir þessa grein heyra eftirtalin svið: saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Greinin fjallar um samfélög og menningu á gagnrýninn og upplýsandi hátt. Skylda hvers samfélags er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nauðsynlegt er að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra svo sem við fjölskyldu, og að mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður . Rætur og menntagildi má útskýra á eftirfarandi hátt: 1. Hæfni til að skilja umhverfið, samfélagið og söguna til að víkka reynsluheim nemenda. 2. Hæfni nemenda til að átta sig á eigin sjálfsmynd til að víkka út hugarheim nemenda. 3. Hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra og hvetja til þátttöku í félagsheimi sínum. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Að nemendur tileinki sér réttssýni og ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra. Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki: Sögukennsla byggir á heimildum um sögu og samfélög frá fortíð til okkar tíma.Trúarbragðafræði á að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum. Siðfræði eflir siðvit og fjallar um siðferðileg álitamál. Þjóðfélagsfræði fjallar um það þjóðfélag sem við búum í og samskipti okkar við umheiminn. Henni er ætlað að styrkja ábyrgð og frumkvæði nemenda á skapandi hátt. Lífsleikni svarar spurningum hvað varðar reynsluheim, hugarheim og félagsheim nemenda. Hæfniviðmið í samfélagsgreinum eru þrískipt: 1. Reynsluheimur m.a. saga Íslands, saga heimsins, jörðin, fjölmennning, náttúruskilyrði og náttúruferla, kortalæsi, sjálfbærni og auðlindir. 2. Hugarheimur m.a. jafnrétti, menntun, framsýni, tilfinninganæmi, sköpun, tjáning og gagnrýnin hugsun.	

3. Félagsheimur m.a. umburðarlyndi, samfélagsreglur, mannréttindi, tjáning, samræða, miðlun og sköpun.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur	Nemandi getur: - Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum - Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar- og lífsviðhorfa fyrr og nú - Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta - Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar- og lífsviðhorfa - Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf - Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum - Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélags-málefni - Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður - Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs	Nemendur: - Vinna nokkur þemaverkefni í samfélagsgreinum yfir veturinn; sögu-, landafræði- og trúarbragðapema. Lífsleikni er unnin jafnt og þétt allt árið. - Horft á þættina Heimsmarkmiðin á Rúv. Í tengslum við vinnu við mismunandi hæfniviðmið. Nemendur skrifa niður helstu atriði frá hverju markmiði. - Kanna stöðu Íslands miðað við önnur lönd og kynnast ýmsum atriðum sem beinast að áhrifum sem bárust til landsins frá öðrum löndum á miðöldum. Af hverju tengsl eru svo rík milli ýmissa landa og hvaða lönd landsmenn hafa átt mest samskipti við. - Vinna fjölbreytt verkefni tengd hverju efni fyrir sig, margskonar umræður eru skapaðar þar sem nemendur fá að leggja sitt mat og segja sína skoðun og upplifun. - Temji sér gagnrýna hugsun við lestur og verkefnavinnu og eru mörg verkefnanna til þess gerð að nemendur þurfi að ígrunda og mynda sér skoðanir um það sem verið er að ræða hverju sinni og oftast en ekki eru nemendur beðnir um að setja sig í spor vissra persóna á þessu tímabili til að upplifa enn betur hvernig lífið var á þeim tíma. - Mikil samþætting er í tengslum við aðrar námsgreinar og eru verkefni mjög fjölbreytt, nemendur vinna ritunarverkefni sem tengjast efninu, útbúa teikningar, veggspjöld, auglýsingar,	Námsmat verður í formi tímaverkefna, þemaverkefna, hópverkefna og paraverkefna í mismunandi lotum. Nemendur velja sér goð/atburð úr Norræni goðafræði og kynna fyrir samnemendum. Verkefni um náttúruhamfarir og aðkomu ýmissa stofnana að þeim. Þverfaglegt íslenska og samfélagsfræði, Kjalnesingasaga lesin, rædd og námsmat að vali nemanda. Verkefni: Hvaða áhrif bæði jákvæð og neikvæð hafa samfélagsmiðlar á okkur? b) Hvernig auðvelda eða flækja tækninýjungar líf okkar? Verkefni um vesturfara Íslands Nemendur velja sér mismunandi stofnun og kynna fyrir

	• Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi • Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar • Gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins • Borið saman valin trúar- og lífsviðhorf • Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð • Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsbreytingum • Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti • Dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar • Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum • Séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni • Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa eigin neyslu og á samfélagið	kynningar, myndasögur, kortavinnu, svara spurningum, búa til spurningar og eru þessi verkefni unnin jafnt sem einstaklings-, para- eða hópverkefni eftir því hvað við á. Með þessu móti fá nemendur að nálgast efnið frá mörgum sjónarhornum og afla sér þekkingu á mismunandi vegu. • Nemendur nýta ýmsar heimildir í verkefnavinnunni og fá þjálfun í að afla heimilda hvort sem er frá öðrum, úr bókum/öðrum ritum eða á netinu. Þeim er bent á mikilvægi þess að velja heimildir af kostgæfni og að minnast á allar heimildir í heimildaskrá. • Unnið er að þessum þáttum í umræðum og kynningum, nemendur fá að afla sér nánari upplýsinga um ákveðin trúarbrögð og kynna fyrir öðrum nemendum og stjórn umræðum um sitt. • Í landafræði þemanu læra nemendur að þekkja helstu svæði og lönd Evrópu og helstu þætti í sögu þeirra og læri á ýmis þemakort sem sýna dreifimynstur t.d. náttúrufars- og mannvistareinkenna og þekki þannig á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða. • Kynnast hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast, t.d. áhrif plötuhreyfinga við myndun Alpafjalla og áhrif veðrunar og rofs. Læra að lýsa meginráttum í loftslagi og gróðurfari allt frá norðurheimskauti að Miðjarðarhafi og áhrifum vinda og hafstrauma þar á. • Afla sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfraeðigögnum, kortum, netinu eða viðtölum. • Atti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk. • Kynnist landafræði nánar sem samfélagsfræðigrein.	samnemendur og segja frá af hverju við þurfum á þessari stofnun að halda. Mega nota leikmuni eins og búninga í kynningu- Norðurlanda- og Evrópuverkefni í tölvuveri. Nemendur velja sér land í til að fræðast um og búa til PP kynningu um það. Þjóðfélagsbreytingar frá hefndarskyldu sbr. Kjalnesingasögu til nútímans þar sem réttarkerfi tryggir rétt borgara. Þjóðfélagsbreytingar síðast liðna öld. Breytingar á ýmsum hefðum og venjum. Sérðu hætturnar vinnublað, paravinna - athuga Matarsóun: Nemendur fylgjast með matarsóun á heimilinu og taka myndir og segja frá hverju þeir geta breytt í neyslu sinni. Neysla: Þáttur um minimalískan lífstíl í Landanum. Nemendur fara yfir herbergið sitt og flokka í þrjá flokka eftir mikilvægi.
--	--	--	--

		Nemendur kynna sér nánar eitt Evrópuland og fá sjálfir að spreyta sig í kennslunni og sjá um að kynna það nánar fyrir samnemendum sínum.	
Hugarheimur	- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum - Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megir með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt - Lýst margsvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun	Nemendur ræða saman um ýmis samfélagsmál og er reynt að tengja það einhverju sem er að gerast í samfélaginu hér heima eða úti heimi hverju sinni og er þá unnið með hugtök eins og mannréttindi, lýðræði, jafnrétti og velferð.	Barnasáttmálinn, þemavinna á miðstigi. Reykir
Félagsheimur	- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu - Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra - Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt - Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga - Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda - Tekið þátt í samræðu og verkefnum um stöðu sína í samfélaginu, réttindi og skyldur samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna - Lýst birtingarmyndum kynferðislegs ofbeldis, kynferðislegs áreitnis og eineltis. - Greint frá því að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er aldrei réttlætanlegt og það eru til félög og yfirvöld (t.d. 112, eða lögreglan) sem geta stutt við þá sem verða fyrir slíku. - Sagt frá mikilvægi þess að leita aðstoðar ef hann sjálfur verður fyrir	- Samræðuaðferð og sjálfsmat ásamt léttum verkefnum sem hvetja nemendur til að taka afstöðu. - Áhersla er lögð á sjálfstæða hugsun og virkni nemenda - Ýmsar kveikjur eru einnig notaðar til að skapa heimspekilega samræðu í bekknum. Meðal viðfangsefna eru: - hvenær þarf að taka afstöðu - heilbrigður lífsstíll - tilgangur lífsins - trúarbrögð - fordómar og frjáls hugsun - viska - sannleikur - siðferði - illska og ofbeldi - vinátta, kærleikur, virðing - Matarsóun og neysla - Kynferðislegt ofbeldi, áreiti og einelti - o.s.frv.	Reglulegar rökræður um mikilvæg gildi í samfélaginu. Bekkjarfundir vikulega. Þáttaka í umræðum og samvinna metin í leiðsagnarmati. Dagbók um Lífið og ýmis gildi. Nemendur nota A5 stílabók til að skrifa ýmsar hugleiðingar um lífið og tilveruna. Rökfærslur um ýmis samfélagsmálefni. Eigum við að vera í sparifötum á jólnum, kostir og gallar snjalltækja, eigum við að styðja hjálparstarf? Jóladagatal SOS Barnaþorpanna Nemendur skrifa nokkrar setningar um hvern þátt Fræðsla og umræða og verkefni tengd kynferðislegu ofbeldi

	slíku kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða einelti. • Lýst leiðum til að bregðast við því þegar einhver sem hann þekkir verður fyrir einelti, kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. • Lýst þeim leiðum sem hann sjálfur getur farið til að leita aðstoðar fyrir sjálfan sig eða aðra sem hann þekkir og eru að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, áreitni eða ofbeldi.		
Námsmat: Námsmat vetrarins byggist á ýmsum þáttum og mismunandi verkefnum í hinum ýmsu lotum. Leiðsagnarmat á vinnu nemenda ásamt mati á kynningum þar sem reynir m.a. á upplýsingalæsi og framsögn nemenda. Námsgögn: Norðurlöndin lesbók og vinnubók (valin viðfangsefni) Evrópa e.Hilmar Egil Sveinbjörnsson, lesbók, valin viðfangsefni.ýmis verkefni frá kennara. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þættir á Rúv, umræður í tíma og dagbók. Ég og sjálfmyndin e.Garðar Gíslason. Náum tökum á náminu, Námsækni e. Sigrúnu Ágústsdóttur. Mei mí beibísitt e. Mörtu Eiríksdóttur, valdir kaflar og verkefni. Stopp ofbeldi.is Valin verkefni við hæfi nemenda. Náms efni frá kennurum ásamt efni úr ýmsum fræðibókum og af veraldarvefnum. Lífsleiknihefti. Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. Verkferakistan.			